



BA ritgerð

BA-Gráða í mannfræði

Er dauðarefsing réttmætur dómur?

Saga og staða dauðarefsinga í Bandaríkjunum

Sólveig Helga Þórðardóttir

Kristján Þór Sigurðsson
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Er dauðarefsing réttmætur dómur?
Saga og staða dauðarefsinga í Bandaríkjunum

Sólveig Helga Þórðardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði

Leiðbeinandi: Kristján Þór Sigurðsson

12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2019

Er dauðarefsing réttmætur dómur? Saga og staða dauðarefsinga í
Bandaríkjunum

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í mannfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Sólveig Helga Þórðardóttir, 2019

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar eru dauðarefsingar í Bandaríkjunum þar sem staða þeirra, bakgrunnur og almenn saga er skoðuð. Hvergi annarsstaðar í heiminum eru fleiri fangar en í Bandaríkjunum. Bandaríkin eru jafnframt í hópi þeirra 10 þjóða sem hafa tekið hvað flesta af lífi og eru þau þ.a.l. eina ríkið í „hinum vestræna heimi“ sem framfylgir ennþá dauðarefsingum. Í ritgerðinni mun höfundur leitast eftir því að finna ástæður sem liggja að baki þess að Bandaríkin framfylgi enn dauðarefsingunni og hvort hægt sé að telja hana réttmæta. Ríkið og fangelsis- og refsikerfi Bandaríkjanna geyma svörin og er rót vandamálsins falin þar. Skoðaðar verða mýtur og rök þeirra sem standa með og á móti dauðarefsingunni. Mín niðurstaða er sú að dauðarefsingin er ekki réttmæt, sama hversu alvarlegur glæpurinn var og hver átti í hlut. Refsingin er einnig óafturkallanleg, gagnlaus og siðlaus og gengur hreinlega gegn þeim gildum sem Bandaríkin segjast standa fyrir.

Lykilorð: mannfræði, dauðarefsing, vald, ríki, misrétti, fordómar, ofbeldi, siðferði

Abstract

The subject of this thesis is the death penalty in the United States where its status, background and general history are examined. Nowhere else in the world are more prisoners than in the United States. The United States are also among the 10 nations which have executed the most prisoners in the world and it's the only nation in the „Western world“ that still uses the death penalty. In this thesis, I will try and look for the reasons for why the death penalty is still used in the United States and if the penalty can be counted as justified. The state and the criminal justice system contain the answers and the root of the problem is hidden there. I will discuss the myths and arguments of those who stand by and against the death penalty. My conclusion is that the death penalty is not justified, no matter how serious the crime was or who was involved. The punishment is also irrevocable, useless and unethical, and it goes against the values that the United States claims to stand for.

Key words: *anthropology, capital punishment, power, government, inequality, prejudice, violence, morality*

Formáli

Ritgerð þessi er 12 (ECTS) eininga lokaverkefni til B.A. gráðu í mannfræði við Háskóla Íslands. Mig langar til þess að byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum, Kristjáni Þór Sigurðssyni fyrir samstarfið og handleiðslu í gegnum þessa ritgerð. Ég vil fá að þakka mágkonu minni, Stefaníu Kristínu Bjarnadóttur fyrir yfirlesturinn. Sérstakar þakkir fá foreldrar mínir, kærasti og vinkonur fyrir gagnlegar ábendingar, skemmtilegar umræður og ómetanlegan stuðning við gerð þessarar ritgerðar og í gegnum þetta lærdómsríka nám.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Abstract	5
Formáli.....	6
Efnisyfirlit.....	7
1 Inngangur	8
2 Fræðileg umfjöllun.....	9
2.1 Ríki	9
2.2 Vald.....	10
2.3 Öðrun.....	11
3 Refsingar ólíkra menningarheima	12
3.1 Íran, Saudí Arabía og Kína.....	12
3.2 Ísland: Síðasta aftakan	13
3.3 Afnám dauðarefsingarinnar víða um heim	14
4 Fangelsis- og refsímál Bandaríkjanna	15
4.1 Markaðsvæðing nýfrjálshyggjunnar: Fordómar og misrétti	15
5 Dauðarefsingar í Bandaríkjunum.....	18
5.1 Aftökuaðferðir og misheppnaðar aftökur	19
5.2 „Mannúðlegasta“ aftökuaðferðin.....	20
5.3 Staða dauðarefsinga	22
6 Algeng rök og mýtur varðandi dauðarefsingar.....	24
6.1 „Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn“	24
6.2 Aðstandendur fórnarlamba	25
6.3 Dauðarefsingar og glæpatíðni	25
6.4 Kostnaður dauðarefsinga	26
7 Andstæðingar dauðarefsinga	27
7.1 Lífstíðarfangelsi vs. Dauðarefsing	27
7.2 Aftökur á andlega veikum og þroskaskertum einstaklingum	28
7.3 Sakleysi og dauðarefsing	29
8 Umræður	30
9 Lokaorð	32
Heimildaskrá	34

1 Inngangur

Dauðarefsingar eiga sér langa sögu í samfélögum heimsins og hafa þær verið mikið umdeildar í gegnum tíðina. Á hverju ári eru hundruð einstaklinga tekin af lífi í nafni laga. Viðhorf og gildi hvers ríkis fyrir sig stjórna því sem má og má ekki gera, einnig ákveður ríkið hvað sé sanngjörn refsing fyrir viðkomandi afbrotamann. Dauðarefsingar hafa verið afnumdar í fjöldamörgum ríkjum og virðist sem svo að á hverju ári bætist í hóp þeirra sem andmæla þeim. Eitt þeirra ríkja sem hefur hinsvegar ekki afnumið dauðarefsingar eru Bandaríkin og má það teljast nokkuð sérstakt í ljósi þess að um vöggv vestrænnar menningu er að ræða.

Öll þau ríki sem tilheyra „hinum vestræna heimi“ hafa afnumið dauðarefsingar, fyrir utan Bandaríkin. Bandaríkin geyma stóra og valdamikla þjóð þar sem talað er um að hagsmunir fólks séu settir ofar öllu öðru. Mikið er rætt um mannréttindi, allt er afslappað og eru Bandaríkin sögð vera land tækifæra og drauma. Á hinn bóginn heyrir maður einnig mikið um ofbeldi í Bandaríkjunum þar sem valdniðsla ríkisins blómstrar og réttarkerfið er í hálfgerðum molum. Ríkið beitir borgurum sínum ofbeldi til þess að sýna hver ræður og stjórnar það þ.a.l. hvaða hópar samfélagsins eigi og eigi ekki „rétt á sér“ í samfélaginu sjálfu. Ríkið hefur þannig búið til aðstæður fyrir minnihlutahópa þar sem þeir lenda undir og neyðast til þess að brjóta af sér á einhvern hátt, þannig ákvarðar það á vissan hátt hverjir það eru sem að lenda í fangelsi. Rauði þráðurinn í fangelsis- og refsikerfi Bandaríkjanna er að með harðari refsingum hefur ríkið ákveðið verkfæri til þess að halda ákveðnum hópum áfram í ánauð og frá samfélaginu. Lífstíðarfangelsi, þar sem afbrotamaður er sviptur öllum sínum réttindum og því frelsi sem hann fyrr hafði, er ekki þyngsta refsingin í Bandaríkjunum, heldur er dauðarefsing sú allra þyngsta og jafnframt sú ómannúðlegasta. Þar sem minnihlutahópar eru líklegri til þess að lenda í fangelsi, þá eru þeir einnig líklegri til þess að verða dæmdir til dauða (Anckar, 2014; Obara, 2013).

Í þessari ritgerð verður sagt frá dauðarefsingum í Bandaríkjunum út frá fangelsis- og refsikerfi Bandaríkjanna. Ritgerðinni er skipt upp í inngang, sex kafla, síðan umræður og loks lokaorð. Fyrstur er fræðilegi hlutinn en þar er talað um ríki, það vald sem ríkið hefur og hvernig ríkið getur notað það til þess að búa til aðstæður og stjórnað borgurum þess.

Í öðrum kafla ritgerðar verða skoðaðar refsingar ólíkra menningarheima og hvernig viðhorf og gildi hvers ríkis hafa áhrif á það hvað þykir vera rétt og rangt og hvernig refsingum er háttað. Fjallað verður um síðustu aftökuna á Íslandi og hvernig afbrotamenn hlutu refsingu áður fyrr. Síðar færast umræðan yfir til Bandaríkjanna og í þriðja kafla er fjallað um fangelsis- og refsikerfi Bandaríkjanna þar sem komið er inn á fordóma, misrétti og valdníðslu ríkisins. Í fjórða kafla er saga dauðarefsinga þrædd með umræðu um aftökuaðferðir, misheppnaðar aftökur, stöðu dauðarefsinga o.fl. Rök þeirra sem styðja dauðarefsingar og mýtur verða rædd í fimmta kafla. Í sjötta kafla verður fjallað um gagnrýni þeirra sem eru á móti dauðarefsingum, þar verður komið inn á siðferði, aftökur á andlega veikum og þroskaskertum einstaklingum ásamt aftökum á saklausum einstaklingum, en sterkustu rök þeirra sem eru á móti dauðarefsingum eru einmitt þau að saklaus einstaklingur gæti verið tekinn af lífi og er það óafturkallanlegt.

Dauðarefsingar eru vissulega umdeildar og þegar það kom að því að velja efni fyrir þessa ritgerð langaði mig til þess að velja eitthvað sem ég vissi ekki mikið um. Fyrir rannsóknarvinnu hafði ég þá skoðun að dauðarefsingar voru rangar, en að öðru leyti hafði ég ekki mikla skoðun um þær. Ég vissi lítið um fangelsis- og refsikerfi Bandaríkjanna og rök þeirra sem stóðu með og á móti dauðarefsingum. Markmið mitt með þessari ritgerð er að skoða dauðarefsingar í Bandaríkjunum út frá mannfræðilegu sjónarhorni. Skoða hvers vegna fjöldi fanga er svona gríðarlega hár í Bandaríkjunum og hvort það sé almennt hægt að segja að dauðarefsingar séu réttmætur dómur. Hvers vegna ættu Bandaríkin og þau ríki sem framfylgja ennþá dauðarefsingum að afnema þær? Í umræðunum verður efni ritgerðarinnar dregið saman og í lokaorðum mun ég gera tilraun til þess að segja frá niðurstöðum.

2 Fræðileg umfjöllun

2.1 Ríki

Ríki er samansafn af sérhæfðum stofnunum sem sjá um að stjórna einstaklingum sem lifa innan þess. Það einkennist af stéttaskiptingu, ójöfnuði og miðstýringu þar sem ríkisstjórn hefur völdin. Ríkið stjórnar því hvert borgarar þess geta farið og er vegabréf áþreifanlegt táknið sem sýnir fram á að einstaklingur sé íbúi í ákveðnu ríki. Þannig stjórnar ríkið hver

kemur inn á landsvæði þess og eru landamæri þ.a.l. skil sem afmarka stjórnsýslulegar einingar (Eriksen, 2010).

Í hverju ríki eru bæði óskrifaðar og skrifaðar reglur sem borgurum þess ber skylda til að fylgja. Lög og reglur geta verið mjög mismunandi eftir viðhorfum og gildum hvers ríkis fyrir sig og getur margt haft áhrif á það hvernig lög myndast, líkt og t.d. trúarbrögð og kynhlutverk. Það sem þykir rétt í einu ríki gæti þótt rangt í öðru ríki o.s.frv. (Victoria, 2016). Þjóðríkið er öflugt verkfæri ríkisvaldsins og er það samsett úr mörgum etnískum hópum. Í þjóðríki skal vera skattheimta, staðlað menntakerfi og opinber þjóðtunga. Það byggir á hugmyndafræði þjóðernishyggju þar sem allt snýst um að skapa einingu og viðhalda einsleitni innan landamæra þjóðríkis. Út frá því myndast vandi fyrir fjölmenningu þar sem valdamisvægi og munur á milli ákveðinna hópa verður mikið. Í kjölfarið verða til minnihlutahópar innan þjóðríkis sem hafa lakari valdastöðu og hafa þ.a.l. lítið að segja um stöðu mála í samfélaginu. Jafnframt fer ríkið oft frjálsga með eigin lög, þar sem þeim er breytt eftir hentugleika þegar minnihlutahópar eiga í hlut (Baumann, 1999).

2.2 Vald

Ríkið gengur út á það að viðhalda sjálfu sér og hefur það leyfi til þess að beita borgurum sínum ofbeldi ef þess þarf. Ofbeldi þarf ekki endilega að vera líkamlegt, en það getur einnig verið andlegt og kerfislægt. Hinsvegar getur ofbeldi ekki orðið að neinu nema undirstaða þess sé vald og hefur ríkið það yfirleitt í hendi sér (Victoria, 2016).

Vald getur verið margskonar, bæði sýnilegt og ósýnilegt. Ríkisvaldið er yfirleitt sýnilegt, líkt og t.d. lögreglan. Franski heimspekingurinn Michel Foucault tók hinsvegar eftir því að mikið af því valdi sem notað var til þess að fylgjast með borgurum samfélagsins var einnig ósýnilegt. Samkvæmt Foucault þá er til svokölluð alsjá (*e. panopticon*) sem lýsir því hvernig valdið leynist í samfélaginu og fylgist með okkur. Alsjár líkanið var eiginlegt fangelsi þar sem fangelsisklefar mynduðu hring í kringum háan turn, í turninum voru verðir sem gátu fylgst með því sem gerðist í hverjum klefa. Fangarnir í klefunum voru meðvitaðir um þetta eftirlit og enginn þorði því að brjóta af sér. Með tímanum varð valdið meira falið og í okkar nútímasamfélagi getum við líkt þessu við öryggismyndavélarnar þar sem við erum undir stöðugu eftirliti (Smeyers og Waghid, 2010).

Ríkisvaldið mótar okkur sem einstaklinga til þess að steypa okkur í sama mótið svo það sé auðveldara að stjórna okkur. Valdið er notað til þess að hafa áhrif á hegðun annarra

og fá þá til þess að gera eitthvað sem þeir myndu annars ekki gera. Valdið leynist ekki í hverjum og einum, heldur þeirri ímynd sem ríkisvaldið hefur skapað um það hvernig samfélagið á að vera. Munur á milli fólks liggur þ.a.l. oft í því hvort það fylgi þeim reglum sem ríkisvaldið hefur lagt fyrir samfélagið eða ekki. Ekki eru allir sem eru tilbúnir til þess að fylgja reglum ríkisins eða hreinlega neyðast til þess að brjóta þær á einhvern hátt. Þeir einstaklingar eru litnir hornauga og ekki taldir eins „verðmætir“ innan samfélagsins (Ganguly, 2012; Heizmann og Olsson, 2015; Smeyers og Waghid, 2010).

2.3 Öðrun

Líkt og fyrr segir hér að ofan getur vald verið margskonar og getur það einnig leynst í því hvernig við hugsum og tölum um aðra einstaklinga. Ýmis orð eru oft á tíðum notuð til þess að skipta fólki upp í ákveðna hópa eftir því hver staða þess innan samfélagsins er, hvernig það lítur út eða hvernig það hegðar sér. Oft fela þessi orð eða orðræður í sér mikla fordóma og út frá þeim myndast stórt bil á milli þess sem stundum er kallað „við“ og „hinir“ (Victoria, 2016).

Þessar hugmyndir um *öðrun* eiga sér rætur í óríentalisma (*e. Orientalism*) fræðimannsins Edward Said. Með hugmyndum sínum útskýrði Said hvernig heiminum hefði verið skipt í Austur og Vestur vegna orðræðu Vesturlandabúa. Orðræðan var byggð á ákveðnum hugmyndum þar sem Vestrið var talið æðra Austrinu. Í kjölfarið var ákveðin ímynd til af Austrinu sem breikkaði bilið á milli Austurs og Vesturs. Gagnrýni Said sem beindist að mannfræðinni var sú að mannfræðingar yrðu að vera meðvitaðir um lýsingar sínar á heimamönnum þegar þeir eru að greina mun á milli samfélaga, þar sem röng mynd þeirra gæti ýtt undir muninn á „okkur“ og „hinum“. Mannfræðingar fóru því smám saman að vera meðvitaðri um að skilja og segja frá hlutunum út frá sjónarhóli þeirra sem við á (Turner, 2004; Kuper, 1973/2004).

Seinna meir fóru mannfræðingar einnig að leggja áherslu á að skoða sameiginleika samfélaga, hvað ólík samfélög eiga sameiginlegt ásamt því að skoða sín eigin samfélög og hvernig hópar geta myndast innan þeirra út frá valdaskiptingu. Ríkisvaldið ákvarðar hvar fólk má eða má ekki vera og notar það mismunandi vald gegn ólíku fólki (Smeyers og Waghid, 2010; Victoria, 2016).

3 Refsingar ólíkra menningarheima

Samfélög geta verið eins misjöfn og þau eru mörg, mismunandi umhverfi, hitastig, menning og fólk. Sum samfélög geta verið lík, en engin tvö samfélög eru eins. Hvert samfélag hefur sínar eigin reglur, viðhorf og gildi sem hafa mótast í gegnum árin og mótar í leiðinni aðila þess. Til þess að samfélag haldi sinni stöðu og starfi eðlilega, þurfa íbúar þess að fylgja þessum lögum og reglum. Í öllum samfélögum víðsvegar um heiminn hljóta þeir einstaklingar sem brjóta lögin á einhvern hátt, refsingu (Newnam o.fl., 2010).

Refsingar geta verið misjafnar eftir því hvar í heiminum glæpurinn er framinn og hversu slæmur hann þykir vera. Líkt og fyrr kom fram, það sem þykir rangt í einu samfélagi gæti þótt rétt í öðru, jafnframt gæti refsing í einu samfélagi þótt réttmæt, en í öðru frekar ósanngjörn. Helstu refsingarnar áður fyrr, fyrir glæpi voru aflimanir og dauðarefsingin en mikið var um pyntingar, bæði líkamlegar og andlegar. Íran, Saudí Arabía og Kína eru þau lönd sem hafa verið hvað mest þekkt fyrir harðar refsingar fyrir ýmsa glæpi (Vick, 2016; Zhang, Chen, Greenberger og Knowles, 2017).

3.1 Íran, Saudí Arabía og Kína

Í Íran og Saudí Arabíu eru trúarlög múslíma sem kallast sjaríalög (*e. Shari'a*) grundvöllur lagakerfisins. Lögin eru í grunninn túlkun á íslömskum lögum sem álitin eru einskonar lífsreglur út frá Kóraninum, helgiriti múslíma. Sjaríalögin eru breytilegar siðareglur og virka á ólíkan hátt eftir túlkun ríkja á þeim hverju sinni, hvað má og má ekki gera. Þau snerta á mörgum flötum í daglegu lífi, líkt og klæðaburði, kynhneigð, hjónabandi, hreinlæti og fleiru. Skilgreindir glæpir í Íran og Saudí Arabíu samkvæmt sjaríalögum eru t.d. samkynhneigð, áfengisdrykkja, þjófnaður og kynlíf utan hjónabands. Refsingarnar eru oftast á borð við grýtingar, svipuhögg og afhöfðun, en val á refsingu fer alfarið eftir hvers konar glæpur var framinn og hver framdi hann. Ef kona hefur t.d. haft kynmök við dreng undir lögaldri gæti hún fengið 100 svipuhögg, hinsvegar ef hún hefði haft kynmök við mann utan hjónabands fengi hún líklegast grýtingu. Eldra fólk á að sýna því yngra gott fordæmi, ef eldri maður og ungur maður fremja sama glæp, eru meiri líkur á því að sá eldri fái harðari refsingu (Newman o.fl., 2010).

Kína er það ríki í heiminum sem framfylgir hvað flestum dauðarefsingum en talið er að hátt í þúsund manns séu teknir af lífi árlega. Þessi fjöldi er ekki nákvæmur þar sem aftökur í Kína eru ríkisleyndarmál og fær almenningur þ.a.l. ekki aðgang að öllum

upplýsingum um dauðarefsingar. Fjöldi aftaka gæti því verið mun lægri eða hærra heldur en talið er. Þeir einstaklingar sem fremja afbrot á borð við morð, tengsl við eiturylf eða nauðgun eru yfirleitt dæmdir til dauða og eru þær aftökuaðferðir sem vitað er um að séu notaðar í Kína, banvæna sprautan og byssuskot í hnakka. Viðhorf Kínverja til dauðarefsinga geta verið mismunandi líkt og í öðrum ríkjum, en talið er að meirihluti þjóðarinnar styðji þær. Ástæðan fyrir því er að hluta til sú að Kínverjar trúa því að dauðarefsingin og aftökur í heild sinni komi í veg fyrir fleiri glæpi, en stjórnvöld hafa ýtt þeirri orðræðu af stað (Amnesty International, 2018; Zhang, o.fl., 2018; Zimring og Johnson, 2008).

Mikill fjöldi einstaklinga hefur verið pyntaður til þess að stjórnvöld nái fram játningu fyrir glæp og hægt sé að framkvæma aftöku. Árið 2007 voru Íran, Saudí Arabía og Kína í hópi þeirra fimm landa sem framkvæmdu um 90% af öllum aftökum í heiminum. Í Íran, árið 2017 voru 507 aftökur, þar af 31 sem framkvæmd var fyrir augum almennings og í Saudí Arabíu voru 146 aftökur, þar af 57 einstaklingar sem voru erlendir ríkisborgarar (Amnesty International, 2018; Newman, o.fl., 2010).

3.2 Ísland: Síðasta aftakan

Þegar dauðarefsingum var ennþá framfylgt á Íslandi voru karlar yfirleitt hálshöggvni og konum drekkt. Glæpir sem þóttu mjög alvarlegir og fólk hlaut refsingu fyrir voru sambúð og barneignir ógiftra, morð, sífjaspell, þjófnaður, galdrar, dulsmál og önnur hjúskaparbrot. Afbrot þar sem dauðarefsingu var yfirleitt framfylgt voru t.d. þegar viðkomandi barnaði tvær systur eða sængaði hjá mágkonu. Barneignir á milli feðgina var einnig alvarlegur glæpur og hlutu báðir aðilar dauðadóm fyrir. Eftirminnilegt mál í þessum toga er mál Halldóru Jónsdóttur en hún og faðir hennar, Jón Eyjólfsson voru dæmd til dauða. Halldóru hafði verið nauðgað af föður sínum og árið 1724, á Seyðisfirði eignaðist hún stúlkubarn sem faðir hennar tók og gróf án hennar vitundar. Mál þeirra komst upp og játaði Jón glæpin ásamt því að taka á sig alla sök. Hann var dæmdur til dauða fyrir sífjaspell, nauðgun og barnsmorð. Bréf með beiðni um lífgjöf fyrir Halldóru var sent konungi en svarið kom fjórum árum síðar. Yfirvöld töldu Halldóru hafa tekið meðvitaða ákvörðun um barneignir með föður sínum ásamt því að hafa tekið þátt í barnsmorðinu. Hún var því dæmd til dauða og árið 1729 var henni drekkt í Bessastaðaá. Ein drekkingsaðferð sem tíðkaðist á þessum tíma var þannig að konur voru leiddar fram að

bakka að hyl þar sem poki var settur yfir þær og hann þrengdur með einhverskonar reipi. Í reipið var síðan bundinn spotti sem kippt var í frá hinum enda hylsins. Hin dauðadæmda kipptist því ofan í hylinn í pokanum en ekki var það nóg, því ofan í var einnig annar einstaklingur sem hélt henni niðri þangað til yfir lauk. Í janúar, 2019 vakti Kristín Amalía Atladóttir athygli á máli Halldóru og vill hún að Halldóra fái náðun og að reistur verði minnisvarði um þær konur sem hafi verið drekkt á þessum tíma (Inga Huld Hákonardóttir, 1992; Rúnar Snær Reynisson, 2019).

Það þykir svolítið skrítið að hugsa til þess að áður fyrr var dauðarefsingum héraendis framfylgt reglulega en alvarlegasta refsingin í dag er lífstíðardómur. Síðasta aftakan á Íslandi var fyrir tæplega 190 árum síðan, 12. janúar 1830 á Vatnsdalshólum í Húnavatnssýslu. Tvær vinnukonur, Sigríður Guðmundsdóttir og Agnes Magnúsdóttir ásamt liðsmanni þeirra Friðriki frá Katadal voru öll dæmd til dauða fyrir morð. Í mars 1828 höfðu vinnukonurnar fengið nóg eftir kynferðislega kúgun frá húsbónda sínum Natani Ketilssyni og ákváðu þær ásamt Friðriki að ræna hann, myrða og kveikja í bænum. Dauðadómur Sigríðar var breytt í ævilanga vist í Kaupmannahöfn en Agnes og Friðrik voru hálshöggvin með sérstakri öxi sem hafði verið keypt til verksins. Yfir hundrað manns voru viðstaddir aftökuna en hún fór fram á palli þar sem Agnes og Friðrik voru látin leggja hökur sínar í skarð á stórum trjádrumbi sem hafði verið vafinn rauðu klæði. Eftir aftökuna voru höfuð Agnesar og Friðriks sett á stjaka og búkarnir lagðir í kistur. Engir söngvar voru sungnir og engin blessunarorð frá presti voru flutt eftir aftökuna (Inga Huld Hákonardóttir, 1992).

3.3 Afnám dauðarefsingarinnar víða um heim

Ísland var ekki eina ríkið sem hætti að framfylgja dauðarefsingum á þessum tíma heldur voru flest ríki í hinum „vestræna heimi“ sem hættu því einnig. Í dag hefur meirihluti ríkja í heiminum afnumið dauðarefsinguna og fer þeim fjölgandi með árunum. Sum ríki hafa afnumið refsinguna að hluta til, þ.e.a.s. leyfa hana fyrir alvarlega glæpi eins og morð.

Öll ríki innan Evrópusambandsins hafa afnumið dauðarefsinguna en það er jafnframt eitt af inntökuskilyrðunum til þess að komast inn í sambandið. Stuttu eftir Seinni heimsstyrjöldina árið 1948, var Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna samþykkt af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Í þeirri yfirlýsingu voru upplýsingar um það sem taldist til mannréttinda og samkvæmt því áttu allir jafnan rétt til virðingar og réttlætis. Í

kjölfar yfirlýsingarinnar hófst afnám dauðarefsingarinnar smám saman um heiminn. Hvíta-Rússland og Rússland eru einu ríkin í Evrópu sem ekki hafa afnumið dauðarefsinguna. Annað ríki í „hinum vestræna heimi“ sem ekki hefur enn afnumið dauðarefsingar eru Bandaríkin og hafa margir velt því fyrir sér hvers vegna það sé. Margar ástæður geta legið að baki þess en sú helsta er mögulega sú að fangelsis- og refsikerfi Bandaríkjanna er ekki upp á marga fiska (Anckar, 2014; Obara, 2013).

4 Fangelsis- og refsímál Bandaríkjanna

Hvergi annarsstaðar í heiminum eru fleiri fangar en í Bandaríkjunum. Þessi mikli fjöldi hefur vakið talsverða athygli þar sem fönngum virtist fjölga enn meira ár eftir ár. Bandaríkin eru sögð hafa 25% allra fanga í heiminum en hvers vegna er þessi tala svona há? Maður hefði kannski haldið að stjórnvöld í Bandaríkjunum væru að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að hjálpast að við að sporna gegn þessu vandamáli. Raunin er hinsvegar sú, að þau eru einn helsti sökudólgurinn. Í fjölmörg ár hafa þau staðið að iðnvæðingu fangelsa þar sem samstarf lögreglu, löggjafa og dómsvalds sameinast við að útvega fangelsum fanga (Oksala, 2011).

4.1 Markaðsvæðing nýfrjálshyggjunnar: Fordómar og misrétti

Þegar nýfrjálshyggjan ruddi sér til rúms hófst þetta allt saman. Þeir sem aðhylltust nýfrjálshyggjuna lögðu áherslu á afskiptaleyzi á flestum þáttum samfélagsins. Reglur varðandi markaðsmál áttu að hverfa, jafnframt áttu einstaklingar að öðlast meira „frelsi“ til þess að stunda viðskipti sín á milli, án eftirlits frá ríkinu. Þrátt fyrir að hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar bryti á þeim rótgrónu formum og reglum stjórnvalda, þá fór hún smám saman að sjást meira í daglegu lífi og loks varð hún að mikilvægum þætti hjá stjórnvöldum (Joronen, 2013).

Þessi hugmyndafræði varð að hálfgerðu ofbeldi og voru ákveðnir einstaklingar sem lentu í klóm markaðsvæðingarinnar. Með sérstöku valdi var hægt að búa til og stjórna aðstæðum þannig að einstaklingar neyddust til þess að breyta hegðun sinni og framkvæma hluti sem síðar kæmi þeim í vandræði. Þ.a.l. var hægt að halda ákveðnum hópum í ánaud og frá samfélaginu. Hugmyndafræðin gerði stuðningsmönnum hennar kleift að horfa framhjá þeim skaða sem þeir gætu valdið og beint sjónum þeirra frekar að

ávinningnum. Vanræksla á náttúrunni og ákveðnum hópum einstaklinga var því ekki talið eins mikilvægt og hagnaður af einhverju tagi. Litað af nýfrjálshyggju og fordómum heldur refsikerfi Bandaríkjanna áfram að starfa í nútímasamfélagi. Fordómar gagnvart þeim sem þykja öðruvísi á einhvern hátt og þ.a.l. flokkaðir sem „hinir“ í samfélaginu eru viðvarandi. Þeir hópar fólks sem verða fyrir mestum fordómum eru fátækir, litaðir, fólk af erlendum uppruna, samkynhneigðir og aðrir minnihlutahópar (Jones, 2018; Joronen, 2013).

Eftir hið svokallaða *Prælastríðið* í Bandaríkjunum á 19. öld, sem lauk með afnámi þrælahalds héldu margir Bandaríkjamenn að jafnrétti hefði verið náð, svo var hinsvegar ekki. Hugmyndafræðin um einhverskonar „æðri kynþátt“ lifði áfram og voru þeir fordómafullu óvissir um það hvernig þeir gætu stjórnað og haldið ákveðnum hópum samfélagsins áfram í ánauð, þ.a.l. haldið þrældómnum áfram. Þeir sem voru litaðir voru álitnir hættulegir og árásagjarnir einstaklingar sem ætluðu sér að reyna að ráðast gegn fólki til þess að ná yfirráðum í samfélaginu. Ákveðin orðræða þróaðist í samfélaginu þar sem talað var um að sameining hvítra einstaklinga og litaðra myndi líklegast ýta undir glæpatíðni. Líkt og fyrr segir höfðu stjórnvöld útúið ákveðið kerfi þar sem einstaklingar sem lifðu við verri kjör voru settir í aðstæður þar sem þeir neyddust til þess að brjóta af sér til þess að komast af. Fordómafullt viðhorf jókst og smám saman hafði stjórnvöldum tekist að koma stórum hluta fátækra, litaðra einstaklinga í fangelsi. Samkvæmt stjórnvöldum voru eiturlyf aðalástæða þess að fjöldi fanga varð svona gríðarlega mikill. Til þess að sporna gegn vandamálinu voru eiturlyfjálögum breytt 1988 og refsingin við þeim þyngdist. Nýju lögini urðu til þess að enn fleiri voru teknir fastir fyrir eiturlyfjaglæpi og stungið í fangelsi. Stjórnvöld voru þannig búin að þróa með sér ákveðið kerfi til þess að koma þeim einstaklingum sem þeim þótti tilheyra hópi „hinna“, endanlega út úr samfélaginu (Alexander, 2010).

Orðræðan varðandi eiturlyfjálögini var með eindæmum mjög fordómafull en samt sem áður þótti hún eiga rétt á sér. Stjórnvöld voru jú að „reyna að sporna gegn“ þessum eiturlyfjaglæpum og voru flestir stjórnámálamenn sammála um að það væri betra að hafa þessi hörðu lög og refsingar til þess að losna við alla þá sem voru að valda þessu. Stjórnámálamennirnir kepptust um atkvæði almennings með því að sýna hversu hart þeir gætu tekið á eiturlyfjaglæpunum. Markhópur flestra voru hvítir einstaklingar, bæði fátækir og ríkir sem þóttu litaðir einstaklingar vera að ógna sér og sinni stöðu. Fjöldi fanga

hélt áfram að aukast og árið 1991 var það tilkynnt að einn þriðji litaðra væri á bak við lás og slá. Ekki var stoppað þar, heldur voru sett ný lög varðandi afbrot sem Bill Clinton, þáverandi forseti Bandaríkjanna skrifaði undir. Clinton gegndi embætti forseta frá 1993 til 2001 en árið 1994 skrifaði hann undir lög sem gerðu stjórnvöldum kleift að dæma einstakling í lífstíðarfangelsi þegar hann brýtur af sér í þriðja skiptið (*e. three-strikes law*). Um leið og skrifað var undir lög in voru tugir einstaklinga sem brotið höfðu af sér þrisvar sinnum, dæmdir í lífstíðarfangelsi. Í kjölfarið fengu lögreglan og fangelsin háa fjárhæð í styrk til þess að stækka við sig og fjölga starfsmönnum (Alexander, 2010).

Starfsmenn lögreglunnar kepptust um að finna sem flesta glæpi á götunum í takt við nýju lög in til þess að hljóta frekari styrki. Aðalsvæðið sem lögreglan leitaði á var í hverfum þar sem aðallega litaðir, fátækt fólk og aðrir minnihlutahópar búa. Lögreglan gefur sér rétt til þess að stoppa fólk, spyrja spurninga og leita á því. Fjöldi fanga jókst gífurlega og í lok 2007 voru þeir orðnir fleiri en sjö milljónir. Nýju afbrotalög in voru ekki það eina sem Clinton breytti heldur skrifaði hann einnig undir ný lög varðandi styrki fyrir einstaklinga sem ekki höfðu efni á heilbrigðisþjónustu, matarinnkaupum og öðru slíku. Úthlutun og upphæð styrkja breyttist mikið og máttu þeir aðilar sem höfðu áður framið einhverskonar afbrot tengt eiturfjóm ekki fá styrkinn. Jafnframt voru mjög háar kröfur settar hvað varðar vinnutíma einstaklinga og annað til þess að þeir ættu rétt á styrknum. Lög in voru mikið gagnrýnd þar sem sá hópur sem þurfti hvað mest á styrknum að halda var ekki hæfur til þess að hljóta hann. Ekki nóg með það heldur setti Clinton önnur lög varðandi opinbert húsnæði (*e. public housing*). Opinbert húsnæði sem hafði áður hýst mikið af minnihlutahópum, mátti ekki lengur hýsa þá sem höfðu framið einhverskonar glæp tengdan eiturfjóm. Mikill fjöldi fólks missti þ.a.l. heimili sitt og átti hvergi skjól að finna. Til þess að komast af, brutu þessir einstaklingar oftast af sér á einhvern hátt, hvort sem það var að stela mat, sækjast í eiturfyf til þess að deyfa sársauka eða annað. Við afbrot þarf einstaklingur að hljóta einhverskonar refsingu og getur hún verið mjög hörð. Háar sektir t.d. sem þarf að borga fyrir ákveðinn tíma og ef ekki tekst að borga þá hækkar sektin. Þeir sem eru heimilis- og atvinnulausir eiga ekki mikinn möguleika og enda þ.a.l. í fangelsi. Milli 2012 og 2015 voru átta manns á dag dæmdir í fangelsi í Houston fyrir vangoldnar skuldir og var meirihluti fjöldans heimilislusir (Alexander, 2010; Jones, 2018).

Réttur þessa „hinna“ er nær enginn samkvæmt lögum. Hringrás af óréttlæti á sér stað í hvert skipti sem einstaklingur úr minnihlutahóp er tekinn fyrir einhverskonar afbrot. Fjölmargir fá ekki lögfræðing og mál þeirra er afgreitt á nokkrum mínútum án þess að hugsa alvarlega um stöðu þeirra. Þeir sem fá lögfræðiaðstoð er oftast útvegað lögfræðingum sem er á lágum launum og hafa ekki tíma til þess að hugsa mál þeirra út í gegn. Margir þeirra einstaklinga sem segjast vera sekir gera sér oft ekki almennilega grein fyrir því hver réttindi þeirra eru og segjast þeir vera sekir í von um að fá vægari dóm. Í fangelsunum heldur óréttlætið áfram. Þeir fangar sem geta unnið í fangelsinu vinna sér inn að hámarki þrjá dali á tímann. Það er hinsvegar vonlaust fyrir þá að reyna að safna sér inn einhverri upphæð þar sem þeir eru rukkaðir jafnóðum fyrir ýmislegt sem þeir þurfa innan fangelsisins. Í fjölmörgum fylkjum í Bandaríkjunum er föngum bannað að kjósa og sumstaðar heldur það áfram eftir að þeir losna úr fangelsi (Alexander, 2010).

Þeir einstaklingar sem að lenda í fangelsi og eru svo heppnir að komast út, fara í nákvæmlega sömu aðstæður og þeir voru í áður en þeir brutu af sér. Þeir sem brjóta af sér á einhvern hátt fá á sig þann „stimpil“ að þeir séu ekki með hreina sakaskrá og þegar þeir sækja um starf þá neyðast þeir oftast en ekki til þess að merkja við hvort þeir hafi framið glæp eður ei. Líkurnar á því að einstaklingur fái starfið eru ekki miklar svo hringrás afbrota og refsinga hefst því á ný sem endar með því að einstaklingur fær lífstíðardóm, eða eitthvað þaðanef verra, dauðarefsingu (Alexander, 2010).

5 Dauðarefsingar í Bandaríkjunum

Líkt og komið hefur fram eru Bandaríkin ekki eina ríkið sem framfylgir dauðarefsingum, en í hópnum með þeim eru meðal annars Kína, Egyptaland, Íran og Saudí-Arabía. Flestum þykir Bandaríkin vera frábrugðin þessum löndum og þykir skrítið að sá þáttur sem tengir þau saman séu dauðarefsingar. Oft er talað um að Bandaríkin standi framarlega varðandi mannréttindi og að þau kenni sig við það að vera land tækifæranna, þar sem draumar geti ræst. Bandaríkin eru stórveldi með sterkan her og aðra þætti sem margar aðrar þjóðir girnast. Þegar verið er að lýsa réttarkerfinu er talað um kerfi þar sem aðaláherslan sé að upplýsa fólk um réttindi sín, en miðað við það sem fyrr hefur komið fram varðandi mismun í réttarkerfi Bandaríkjanna er ekki hægt að segja að það sé rétt. Bandaríkin eru talin vera

eitt valdamesta ríki í heimi og er nokkuð ljóst að stjórnvöld vilji halda þeirri stöðu. Með því að halda áfram að framfylgja dauðarefsingum þykir líklegt að stjórnvöld líti stærra á sig, líkt og þau þurfi dauðarefsingar til þess að virðast valdameiri. Katie R. Hill (2013) líkir þessari hegðun Bandaríkjanna við krakka á leikvelli sem hótar því að berja alla sem ógna stöðu þess, eingöngu til þess að hann geti haldið sinni stöðu sem valdamesti krakki leikvallarins (ruddinn í sandkassanum). Árið 1980 voru Bandaríkin í hópi þeirra 10 þjóða sem tóku hvað flesta af lífi, og hafa þau haldið þeirri stöðu síðan (Paredes, 1993).

5.1 Aftökuaðferðir og misheppnaðar aftökur

Aftökuaðferðir í Bandaríkjunum eiga sér langa sögu og hafa þær þróast mikið í gegnum tíðina. Aftökuaðferðirnar eru fjórar, henging, rafmagnsstóll, gasklefi og banvæn sprauta. Fyrsta aftökuaðferðin var henging og var sú aðferð notuð hvað mest á nýlendutímanum. Torg voru vinsæll staður fyrir hengingar þar sem almenningur gat hópað sig saman og fylgst með aftökunni. 10.000 manns voru viðstaddir síðustu opinberu henginguna sem fór fram í Kentucky fylki árið 1963. Neikvæð gagnrýni í garð henginga hafði farið vaxandi og fóru ýmsir að vitna í lög stjórnvalda sem sögðu að grimmar refsingar væru bannaðar. Hengingar voru sagðar vera sársaukafullur dauði fyrir fanga og þ.a.l. talin vera grimm refsing. Smám saman hættu fylkin að nota hengingar sem aftökuaðferð og fóru nýjar aðferðir að þróast. Með mikilli þróun í rafmagnsmálum hófu ýmsir að skoða hvort hægt væri að nota rafmagn til aftöku. Litið var á rafstuð sem fljótlega aðferð fyrir sársaukalausán dauða og í kjölfarið kom rafmagnsstóllinn fram á sjónarsviðið í kringum 1890. Aftökuaðferðir þróuðust enn frekar og rúmlega 30 árum seinna, árið 1921 hófu fangelsi að nota gasklefann. Aðferðin var talin mun mannúðlegri heldur en rafmagnsstóllinn, en fangar voru látnir sitja í stól inni í klefanum og var eiturgasi síðan hleypt inn. Hinsvegar var aðferðin mjög kostnaðarsöm og fór fólk að hafa áhyggjur af því að eiturefnin úr klefunum myndu dreifast út fyrir fangelsin og út í samfélagið, aðferðin var því ekki mjög vinsæl (Boys, 2011; Denver, Best og Haas, 2008; Hill, 2013).

Rauði þráðurinn í aftökuaðferðunum, eins og fyrr kom fram, er sá að aftökurnar máttu ekki vera grimmar þannig að einstaklingurinn upplifði sársauka. Hinsvegar höfðu fjölmargar aftökur í gegnum þróun þeirra farið úrskeiðis. Sem dæmi má nefna nokkrar gasklefa- og rafmagnsstóla aftökur. Í Mississippi fylki árið 1983 var Jimmy Lee Gray dæmdur til dauða fyrir morð og átti aftakan að fara fram í gasklefa. Um leið og eiturgasinu

var hleypt inn í klefann náði Gray ekki andanum. Hann byrjaði að kippast til, kreppa hnefana og streitast á móti. Rúmum átta mínútum seinna eftir að eiturgasinu var hleypt inn var Gray ennþá að reyna að ná andanum, alveg þangað til hann dó. Í Georgíu fylki árið 1984 var Alpha Otis Stephens tekinn af lífi í rafmagnsstólnum. Stephens fékk rafstuð í tvær mínútur og var líkami hans svo heitur að lækningar þurftu að bíða í sex mínútur þangað til þeir gátu skoðað hann. Þegar sex mínútur voru liðnar kom í ljós að Stephens var ennþá á lífi svo honum var gefið annað tveggja mínútna rafstuð. Miðað við hversu heitur líkami Stephens var eftir fyrsta rafstuðið getur maður rétt ímyndað sér hversu miklum sársauka hann fann fyrir. Annar einstaklingur sem fékk misheppnaða aftöku með rafmagnsstólnum var Allan Lee Davis í Florida fylki árið 1999. Davis lyftist upp frá sætinu þegar kveikt var á rofanum og lak blóð frá andlitinu og niður á bolinn. Þegar slökkt var á rofanum tók Davis rúmlega tíu andardrætti áður en hann dó. Samkvæmt þessu má líta á þessar aðferðir sem pyntingar, jafnt sem aftökur (Warden og Lennard, 2018).

Þegar flest ríki í heiminum voru að afnema dauðarefsinguna eftir seinni heimsstyrjöldina voru Bandaríkin svolítið útundan. Í fjöldamörg ár var engum dauðarefsingum framfylgt og héldu andstæðingar dauðarefsingarinnar í vonina um að þeim yrði endanlega hætt. Árið 1972 fór eitthvað að gerast og ný lög breyttu öllum dauðadómum í lífstíðardóma. Lögin lifðu hinsvegar ekki lengi og árið 1976 var þeim breytt á ný og nú voru eingöngu morðingjar dæmdir til dauða. Aftökuaðferðir héldu áfram að þróast eftir 1976 og stuttu seinna kom banvæna sprautan fram á sjónarsviðið (Auerbach, 2001).

5.2 „Mannúðlegasta“ aftökuaðferðin

Donald Trump, sagði eftirfarandi ummæli um banvænu sprautuna í júlí, 2000:

Eina umkvörtunarefni mitt er að banvæn sprauta er of þægileg aftökuaðferð. (Warden og Lennard, 2010, bls. 274).

Charles Brooks Jr. var fyrsti fanginn sem tekinn var af lífi með banvænu sprautunni og fór aftakan fram í Texas fylki árið 1982. Banvæna sprautan er yfirleitt samansafn af þremur mismunandi lyfjum sem þjóna mismunandi tilgangi. Fyrsta lyfið svæfir, það næsta lamar og það þriðja kæfir einstaklinginn og stöðvar hjartað. Aðferðin var talin sú tegund af aftökuaðferðum sem væri hvað mest mannúðleg og varð hún fljótlega algengasta aftökuaðferðin. Fanginn átti ekki að finna fyrir neinum sársauka og var aðferðin sögð

líkjast hvað mest „náttúrulegum“ dauða líkt og að deyja í svefni. Til þess að sprauta eitrinu þarf lækni en án hans væri ekki hægt að framkvæma aftökuna. Læknirinn á að sjá til þess að einstaklingurinn finni ekki fyrir sársauka og að aftakan sé talin „mannúðleg“. Enn fleiri fóru að velta því fyrir sér hvort að aðferðin væri í raun mannúðleg og voru margir sammála um að það væri engin mannúðleg leið til þess að taka fólk af lífi (Alper, 2014; Denver o.fl., 2008; Rosenbaum, Darby og Weinstock, 2015); Warden og Lennard, 2018).

Á síðustu árum hafa lyfjafyrirtæki víða um heiminn verið meira meðvituð um hvert lyfin fara og í hvað þau eru notuð, og þá sérstaklega reynt að koma í veg fyrir að þau verði notuð í banvæna sprautu til aftöku. Lyfin frá lyfjafyrirtækjunum eru eins og gefur að skilja ætluð einstaklingum sem kljást við ýmsa sjúkdóma og ekki til þess að nota í sprautu sem tekur fólk af lífi. Nokkur fylki í Bandaríkjunum hafa því lent í vandræðum vegna skorts á lyfjum fyrir sprautuna og hófu þau að finna sambærileg lyf utan Bandaríkjanna á ólöglegan hátt. Eitt slíkt atvik kom upp árið 2010 þegar lyfjafyrirtækið Hospira, sem hafði séð flestum fylkjum í Bandaríkjunum fyrir svæfingarlyfinu í banvænu sprautuna – neyddist til þess að hætta framleiðslu á lyfinu vegna vélarbilunar í verksmiðjunni. Mjög lítið magn var til af lyfinu og hófu ýmis fylki að kaupa lyfið af lítilli heilidsölu sem staðsett var í London og kallaðist Dream Pharma. Ólöglegt var fyrir fylkin að kaupa lyfið af þessari heilidsölu og þá sérstaklega þar sem heilidsalan var staðsett á Englandi, þar sem dauðarefsingin hafði verið afnumin í kringum 1965. Lyfjafyrirtækið Hospira ákvað að hætta endanlega allri framleiðslu á svæfingarlyfinu árið 2011 og síðan þá hafa fylki reynt ýmsar leiðir. Í apríl 2017 í Arkansas fylki, kom í ljós að lyfið í banvænu sprautuna væri að renna út í lok mánaðar. Fjórir einstaklingar sem höfðu verið á dauðadeild í meira en fimmtán ár voru teknir af lífi frá 20.-27.apríl með lyfinu. Önnur fylki hafa leitað út fyrir Evrópu að lyfjum og önnur hafa sett saman allskyns lyf til þess að fá sömu áhrif. Margar af þeim aftökum sem framkvæmdar voru í ákveðinni „tilraunarstarfsemi“ hjá fylkjunum hafa skiljanlega farið mjög illa. Það eru hinsvegar ekki einungis „tilrauna“ aftökurnar sem hafa farið illa heldur hafa almennt margar aftökur með banvænu sprautunni farið illa (Alper, 2014; Warden og Lennard, 2018).

Þó banvæna sprautan hafi stundum verið kölluð „hin fullkomna aftökuaðferð“, þá er hún svo sannarlega ekki fullkomin. Banvænu sprautu aftökurnar geta einnig farið úrskaiðis líkt og hinar aftökuaðferðirnar. Lyfin í sprautuna hafa ekki alltaf verið rétt

samansett, einstaklingum er oft gefinn eins lyfjaskammtur óháð því hversu þungir þeir eru og svo hitta læknar ekki alltaf í rétta æð. Ef eitthvað eða öll af þessum atriðum koma fyrir í aftöku getur einstaklingur kvalist mjög mikið. Aftaka Angel Diaz árið 2006 er ein af þeim sem mistókst og seinkaði henni um hálf tíma vegna þess að lyfjablöndunni var sprautað á vitlausan stað. Árið 2014 fékk Clayton D. Lockett banvæna sprautu með nýrri lyfjablöndu sem átti að taka hann af lífi. Banvæna sprautan sem átti að svæfa fyrst, lama hann svo og stöðva hjartað í þessari röð fór úrskeiðis. Læknarnir tóku ekki eftir að fyrsta lyfið svæfði hann ekki og fékk hann næstu tvö lyfin í líkama sinn með fulla meðvitund. Lockett dó 43 mínútum eftir að aftakan hófst úr hjartaáfalli. Sama ár tók það annan einstakling, Dennis McGuire, 26 mínútur að deyja eftir að aftaka hans hófst. Þessar sögur eru einungis brotabrot af því sem til er um misheppnaðar aftökur með banvænu sprautunni og munu þær verða enn fleiri ef ekkert breytist (Denver o.fl., 2008; Rosenbaum o.fl., 2015; Warden og Lennard, 2018).

5.3 Staða dauðarefsinga

Samkvæmt *Amnesty International* (2018) eru 19 fylki í Bandaríkjunum sem hafa afnumið dauðarefsinguna og eru 11 önnur fylki sem ekki hafa framfylgt henni í að minnsta kosti 10 ár. Eins og komið hefur fram er refsikerfið mjög fordómafullt og ósanngjarnt og eiga sumir meiri líkur á því að lenda í fangelsi heldur en aðrir. Þegar kemur að því að dæma einstakling sem brotið hefur af sér, þá sýnir sagan að refsing er oft valin út frá því hver húðlitur einstaklingsins er. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að ef tveir einstaklingar, annar hvítur og hinn litaður fremja sama glæp, þá eru mun meiri líkur á því að sá litaði fái dauðarefsingu. David Baldus gerði t.d. rannsókn sem kölluð var *Baldus rannsóknin* og sýndi hún fram á að þeir sem dæmdir voru fyrir morð á hvítum einstaklingum voru 11 sinnum líklegri til þess að hjóta dauðarefsinguna en þeir sem voru dæmdir fyrir morð á lituðum einstaklingum (Alexander, 2010).

Texas hefur það orðspor að vera eitt harðasta fylki Bandaríkjanna þegar kemur að dauðarefsingum. Frá upphafi hefur Texas verið það fylki sem hefur tekið hvað flesta af lífi og eru um 70% allra íbúa fylkisins dyggir aðdáendur dauðarefsingarinnar. Í dag, árið 2019 hafa tvær af þremur aftökum í Bandaríkjunum farið fram í Texas og eru u.þ.b. 232 fangar sem hanga þar á dauðadeild (Death Penalty Information Center, 2019). Mikill fjöldi fanga var tekinn af lífi á árunum 1976 til 2001 í Bandaríkjunum og bar Texas ábyrgð á allt að 247

aftökum. Reikna má með því að mikill hluti af þeim füngum sem teknir voru af lífi hafi verið saklausir og þvingaðir til þess að játa. Rannsókn á morðmálum í Texas leiddi í ljós að lögregluþjónar hefðu þvingað út játningu á mörgum einstaklingum með ýmis konar hætti. Þeir pyntuðu þá, hótuðu að skaða fjölskyldur þeirra og þá aðila sem ætluðu að bera vitni fyrir dómi. Aðrir fengu ekki heldur góðan og hæfan lögræðing og voru því líkurnar á dauðarefsingunni mun hærri. Rannsókn sem gerð var árið 2000 sýndi fram á að 25% af þeim einstaklingum sem fengið höfðu dauðarefsingu, höfðu verið með lögræðing sem ekki mátti starfa sem slíkur. Í nokkrum tilfellum hefur Texas fylki gefið sér rétt til þess að stjórna því hvaða einstaklingar sitja í kviðdómi í réttarsal. Oftast er reynt að fá hvíta einstaklinga sem styðja dauðarefsinguna og ef einstaklingur passar ekki við þá lýsingu, þá er fenginn annar sem passar. Allt virðist þetta gert til þess að meiri líkur séu á því að einstaklingur sem dæmdur er, verði dæmdur til dauða. Minna en 0,5% af þeim füngum sem teknir voru af lífi í Texas frá 1976 til 2001 voru dæmdir fyrir morð á lituðum einstakling, þrátt fyrir að fórnarlömb morða í Texas voru um 23% litaðir einstaklingar. Jafnframt voru 24 fangar undir lögaldri á dauðadeild í Texas árið 2001 og þar af voru 22 fangar litaðir eða af erlendu bergi brotnir (Smith, 2001).

Annað fylki sem vegur þungt í málum dauðarefsinga í Bandaríkjunum er Kalifornía. Þegar hugsað er til Kaliforníu-fylkis eru margir sem sjá fyrir sér strendur, frægð og frama í Hollywood og afslappað líf. Það eru eflaust ekki margir sem vita þá staðreynd að Kalifornía er það fylki í Bandaríkjunum sem hefur flestan fjölda fanga á dauðadeild en í dag eru tæplega 800 fangar á dauðadeild sem bíða eftir aftöku. Kalifornía er ekki mjög ofarlega á lista yfir fjölda aftaka og hafa einungis 13 aftökur farið fram síðan 1976, sú síðasta fyrir 13 árum síðan. Í mars 2019 fyrirskipaði ríkisstjóri Kaliforníu, Gavin Newsom tímabundið bann við dauðarefsingum í fylkinu og lét hann fjarlægja gasklefa-stólinn. Hann hét því þegar hann tók við embættinu í janúar að engar aftökur færu fram á meðan hann væri við völd og að hans helsta markmið væri að afnema dauðarefsingar. Newsom segir dauðarefsingar mismuna fólki eftir húðlit og eftir því hvaða stétt það tilheyri í samfélaginu, einnig segir hann þær meingallaðar og siðlausar (Death Penalty Information Center, 2019).

6 Algeng rök og mýtur varðandi dauðarefsingar

Ekki eru allir sammála ríkisstjóra Kaliforníu og fleirum hvað varðar dauðarefsingar. Stuðningsmenn dauðarefsinga hafa ýmisleg rök fyrir því að þær séu réttlátur dómur, en sum rökin eru einfaldlega mýtur. Oft á tíðum eru afbrotamenn sagður vera sá hópur einstaklinga sem samfélagið „hefur rétt“ til þess að hata, og ber því engin skylda til þess að sýna þeim einstaklingum sem fremja glæpi virðingu. Margir hafa þá sýn að afbrotamenn hafi ákveðið að fremja glæpinn og það sé þeirra að takast á við afleiðingarnar. Líkt og fyrr hefur komið fram er algengur hugsunarháttur þeirra sem fylgja dauðarefsingunni, að glæpamenn eru þessir „hinir“ í samfélaginu sem eiga ekki rétt á neinu og fylla ekki upp í þær kröfur sem stjórnvöld leggja fyrir. Öllum er því alveg sama um þá og hvað kemur fyrir þá (Alexander, 2010).

6.1 „Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn“

An eye for an eye makes the whole world blind. - Mohandas Gandhi

Þegar dæma á einstakling fyrir glæp sem hann er grunaður um spyrja menn sig hvað þykir vera réttlát refsing. „Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn“ kemur úr trúarbrögðum en er það fremur óskýrt hvort Biblían og Kóraninn réttlæta yfirhöfuð dauðarefsingar. Hugmyndin er sú að refsing einstaklings eigi að valda honum jafn miklum sársauka og að hann olli fórnalambinu og öðrum, þ.e.a.s. ef einstaklingur framdi morð þykir við hæfi að hann verði tekinn af lífi sjálfur. Fólk virðist túlka „auga fyrir auga“ eftir því sem það vill með því að taka brotabrot úr helgiritum og mynda síðan sína eigin skoðun út frá því. Áður fyrr, í kringum 1974 voru flestir kaþólskir prestar, eða um 70% á þeirri skoðun að dauðarefsingin væri sanngjörn refsing. Síðar breyttist viðhorf fólks mikið og var Vatíkanið meðal annars eitt af því sem hóf að andmæla dauðarefsingum (Anckar, 2014; Gudorf, 2013; Zhang o.fl., 2017). Viðhorf fólks varðandi dauðarefsingar fer ekki alfarið eftir trúarbrögðum og getur fólk haft misjafnar skoðanir þrátt fyrir að aðhyllast sömu trú. Kannanir hafa sýnt fram á að fólk sem aðhyllist einhverskonar trú er álíka líklegt að andmæla dauðarefsingum eins og fólk sem titlar sig sem trúleysingja eða annað (Death Penalty Information Center, 2019).

Vissulega geta refsingar verið margvíslegar og þykja mörgum að þær ættu að vera víti til varnaðar þar sem refsing er notuð til þess að fæla einstaklinginn og aðra frá því að framkvæma glæpinn. Ef einstaklingur fremur glæp og fær harða refsingu fyrir eru líklegast

meiri líkur á því að hann fremji ekki sama glæp aftur. Jason Juliano (2015), kom með gott dæmi um refsingar og sagði að ef að maður væri tekinn fyrir að keyra drukkin og myndi missa bílprófið í óákveðinn tíma, væri hann ólíklegri til þess að keyra drukkin aftur.

6.2 Aðstandendur fórnarlamba

Þegar morð er framið er erfitt að hugsa til þess hvernig aðstandendum þess myrta líður. Það er stundum talað um að aðstandendur fórnarlamba geti ekki fundið fyrir friði eða fengið sálarró fyrr en morðingi ástvinar þeirra er tekinn af lífi en skiptar skoðanir hafa verið varðandi það. Mál fanga getur tekið mjög langan tíma og í þokkabót er bið fanga á dauðadeild yfirleitt enn lengri. Aðstandendur sem vilja morðingja dauðann þurfa því oft að bíða í mörg ár eftir að það gerist og stundum gerist það yfir höfuð ekki. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þessi friður sem talað er um er því ekki auðfundinn, hvort sem að fangi er tekinn af lífi eða ekki. Bernice King, dóttir Martin Luther King, Jr., er ein af þeim sem hefur skoðað dauðarefsingar og viðhorf aðstandenda fórnarlamba til þeirra. Samkvæmt henni voru margir aðstandendur sem börðust fyrir því að morðingi ástvinar þeirra myndi fá dauðarefsinguna, en þegar átti að dæma höfðu þau skipt um skoðun. Tíminn læknar öll sár sagði einhver, en oft standa örin eftir. Ferli aðstandenda í gegnum sorg, reiði og löngun til þess að hefna fyrir morðið á ástvini sínum er langt og strangt en hjá mörgum endar það að lokum með því að fólk sættir sig við aðstæður. Flestir þeirra eru sammála um að það gerir ekkert gott að taka morðingjann af lífi, það lagar ekki neitt og gefur þeim ekki ástvin sinn tilbaka (Boys, 2011).

Tilfinningalegt gildi varðandi dauðarefsingar er skiljanlega mjög sterkt og er erfitt að setja sig í spor aðstandenda sem misst hafa ástvin á glæpsamlegan hátt. Sumir telja sig vita nákvæmlega hvernig aðstandendur eigi að haga sér og þykir mörgum skrítið ef þeir vilja reyna að fyrirgefa morðingjanum. Erfitt er að segja nákvæmlega hvernig rétt viðbrögð aðstandenda er. Mannskepnan er mismunandi og fer það alfarið eftir hverjum og einum hvernig hann eða hún tekst á við þetta flókna mál.

6.3 Dauðarefsingar og glæpatíðni

Til eru aðrir stuðningsmenn dauðarefsingarinnar sem styðja hana á forsendum glæpatíðni. Einhverjir halda því fram að dauðarefsingar hafi einhverskonar fælingarmátt sem hefur áhrif á lækkun á glæpatíðni, þ.e.a.s. ef að einstaklingur er tekinn af lífi fyrir

glæp sem hann framdi, er ólíklegt að aðrir fremji eins glæp og þ.a.l. minnka slíkir glæpir. Margir af þeim sem styðja dauðarefsinguna styðja hana alfarið vegna þess að þeir trúa því að hún komi í veg fyrir morð. Dauðarefsingin er því talin vera einskonar verkfæri sem á að sporna gegn því að morðingjar „verði til“ í samfélaginu (Iuliano, 2015; Paredes, 1993; Sethuraju, Sole og Oliver, 2016).

Engar almennilegar rannsóknir hafa sýnt fram á að dauðarefsingin lækki glæpatíðni og sé þ.a.l. betri refsing heldur en lífstíðarfangelsi (Rosenbaum o.fl., 2015). Ef við hugsum til allra hrikalegu morðanna sem framin hafa verið í Bandaríkjunum í gegnum tíðina og til allra morðingjanna sem teknir hafa verið af lífi, þá eru engin gögn um að morðtíðni hafi lækkað í kjölfar aftöku þeirra. Sem dæmi má nefna morð á háskólanemum í Flórída fylki í ágúst 1990 sem líktust mjög morðunum sem raðmorðinginn Theodore Bundy „Ted Bundy“, hafði framið 1978. Aftaka Bundy fór fram í janúar 1989 og eins og gefur að skilja kom hún ekki í veg fyrir að morðingi þessara háskólanema í Flórída, Danny Rolling, framdi sitt voðaverk (Paredes, 1993).

Árið 2008 var gerð könnun á viðhorfi afbrotafræðinga til dauðarefsingarinnar og sýndi hún fram á að 88% þeirra töldu hana ekki lækka glæpatíðni. Einungis 9,2% héldu því fram að dauðarefsingar hefðu áhrif á glæpatíðni (Iuliano, 2015). Síðan 1995 hafa aðrar kannanir sýnt fram á að í þeim löndum þar sem dauðarefsingin hefur verið afnumin er glæpatíðnin mun lægri heldur en í löndum þar sem henni er ennþá framfylgt, en munurinn er á skalanum 25-40% lægri í dauðarefsingalausum löndum (Gudorf, 2013; Hill, 2013).

6.4 Kostnaður dauðarefsinga

Bandaríkjamenn eins og flestar aðrar þjóðir pæla mikið í því hvert skattpeningarnir þeirra fara. Algeng mýta hjá þeim sem styðja dauðarefsingar er sú að þær séu ódýrari heldur en lífstíðardómur. Fólk álitur að með því að taka fanga af lífi sé hann úr sögunni og þurfa íbúar landsins þ.a.l. ekki að „halda honum uppi“ með skattpeningum sínum. Annað hefur hinsvegar komið í ljós og hafa fjölmargar rannsóknir sýnt fram á að dauðarefsingin er margfalt dýrari heldur en lífstíðardómur. Dauðarefsingamál eru flest mjög tímafrek og getur hvert mál tekið mjög langan tíma þangað til aftaka á fanga fer fram. Samkvæmt *The Death Penalty Information Center* (2019) kostar það t.d. Flórída fylki um 3,2 milljónir bandaríkjadala að dæma einn einstakling til dauða. Eins hefur Kaliforníu-fylki eytt yfir 4

billjónum bandaríkjadala í dauðarefsingar síðan 1978, dauðarefsingin er því um 18 sinnum dýrari heldur en lífstíðardómur Sethuraju o.fl., 2016; Whye, 2018).

7 Andstæðingar dauðarefsinga

By what right do people kill his species? – Beccaria (Feng, 2006, bls. 219).

Réttur til lífs er grundvöllur annarra mannréttinda, allir hafa rétt til að lifa. Hvað gefur manneskjuni rétt til þess að taka aðra manneskju af lífi samkvæmt lögum? Hvað gefur ríkinu þann rétt til þess að hefna morðs með morði? Óháð því hversu hrikalegur glæpurinn var, þá er sá sem framdi hann ennþá manneskja og ber samfélaginu sú skylda til að koma fram við hann af virðingu. Andstæðingar dauðarefsingarinnar halda því fram að refsingin sé gangslaus og að hún eigi ekki heima í refsikerfinu. Hún sé einnig siðferðislega röng og brjóti öll þau gildi sem að samfélagið segist standa fyrir (Feng, 2006; Hood, 2001).

7.1 Lífstíðarfangelsi vs. Dauðarefsing

Guilty or innocent, good or bad, nothing justifies the caging of human beings for the sole purpose of killing them. (Peel, 2013, bls. 69).

Andstæðingar dauðarefsinga standa oftast með þeirri skoðun að lífstíðarfangelsi sé margfalt verri refsing heldur en dauðarefsing. Ef við hugsum okkur sem svo að einstaklingur sem hefur alla tíð verið tiltölulega „frjáls“ í samfélaginu er skyndilega settur í ákveðna einangrun þar sem fylgst er með honum öllum stundum, þá er það töluvert mikil svipting á lífsgæðum hjá þeim einstaklingi. Ef valið væri hjá fanganum, hvort hann myndi vilja dúsa í fangaklefa það sem eftir er ævi sinnar eða losna undan öllu og vera tekinn af lífi, hvort myndi hann velja (Iuliano, 2015)?

Lífstíðarfangelsi er mjög harður dómur þar sem svo litlar sem engar líkur eru á því að föngum verði hleypt út í samfélagið á ný, að sjálfsögðu eru til undantekningar líkt og þegar fangi reynist t.d. vera saklaus. Aðstæðurnar í fangelsinu fyrir fanga með lífstíðardóm eru vægast sagt hrikalegar þar sem mikið ofbeldi tíðkast og einangrun og mikill einmannaleiki á sér stað. Lífstíðardómurinn breikkar bilið á milli fanga og fjölskyldna þeirra þar sem heimsóknum og símtölum fækkar oft eftir því sem árin líða. Allsherjar einangrun og skortur á frelsi er það versta við lífstíðardóm samkvæmt föngum, þar sem ekki er hægt að ráða einföldum hlutum eins og því hvað maður borðar, hvenær maður fer að sofa og

hvenær maður vaknar. Allir dagar, vikur, mánuðir og ár eru eins, allt rennur saman í eitt og það er ekkert til þess að hlakka til. Tíminn er dýrmætur og fyrir fanga sem sýnir enga iðrun eftir að hafa framið fjöldamorð og þykir ekkert að því sem hann gerði, er dauðadómur auðveld leið út úr þessum heimi í og út í frelsið á ný. Hann þarf því ekki að eyða tíma sínum að afplána refsinguna í einangrun innan veggja fangelsis (Iuliano, 2015; Whye, 2018).

Ef ferli dauðarefsingar gengur ekki strax í gegn eins og staðan er langoftast, þá verður líðan fanga ögn öðruvísi heldur en líðan lífstíðarfanga. Lífstíðarfangi gerir sér (langoftast) grein fyrir stöðu sinni og veit að hann muni vera í fangelsi það sem eftir er. Umræður um siðferði varðandi fanga á dauðadeild hafa því komið upp því fanginn veit ekki hvort hann muni hanga þar í 30 ár í viðbót eða hvort hann verði tekinn af lífi eftir viku. Árið 2013 var meðalfjöldi ára á dauðadeild í Bandaríkjunum um 14 ár og 10 mánuðir. Lífstíðarfangi upplifir skiljanlega mikla vanlíðan, en vanlíðan fanga á dauðadeild getur orðið mun verri, svo mikil að fanginn hreinlega kveljist því hann veit ekkert um framtíð sína. Deila má því um hvort að hún eigi yfirhöfuð rétt á sér samkvæmt lögum, því eins og fyrr var greint frá þá mega refsingar ekki vera grimmar og sársaukafullar (Peel, 2013).

Í 22 ár hafði Rolando Ruiz verið á dauðadeild í Texas, þangað til hann var tekinn af lífi í mars 2017. Ruiz eyddi mjög miklum tíma af þessum árum í einangrun þar sem hann þróaði með sér mikinn kvíða og þunglyndi, ásamt því að hafa upplifað ofskynjanir og svefn- og minnisleysi (Warden og Lennard, 2018).

7.2 Aftökur á andlega veikum og þroskaskertum einstaklingum

Annað atriði sem tengist siðferði dauðarefsinga eru aftökur á einstaklingum sem eru andlega veikir eða þroskaskertir á einhvern hátt. Mikill fjöldi þeirra sem höfðu verið teknir af lífi í Bandaríkjunum í gegnum tíðina gátu ekki gert greinarmun á því hvað væri rétt og rangt og hvað þá hvað þeir höfðu gert af sér. Einhverjir voru fullorðnir en með þroska á við lítið barn og aðrir höfðu glímt við andleg veikindi í langan tíma án þess að fá viðeigandi aðstoð. Ricky Ray Rector er einn þeirra sem gerði sér engan veginn grein fyrir því hvað væri um að vera þegar aftaka hans átti sér stað í janúar 1992. Rector hafði skotið lögregluþjón til bana 11 árum áður og síðar reynt að fremja sjálfsmorð með sömu byssu, ekki gekk það og hlaut hann alvarlegan heilaskaða. Þremur árum seinna var Mario Marquez tekinn af lífi fyrir morð, en Marquez var 37 ára einstaklingur með greindarvísitöluna 65, sem er á

við 5-7 ára barn. Marquez hafði verið beittur miklu ofbeldi af hálfu föður síns með kylfum og öðrum áhöldum þegar hann var barn og hlaut hann í kjölfarið mikinn heilaskaða. Mál andlegra veikra er aðeins flóknara því andleg veikindi geta verið ýmis konar. Andleg veikindi geta ýtt undir það að einstaklingur fremji glæp eða geri eitthvað af sér án þess að hafa stjórn á því. Einhver fylki í Bandaríkjunum hafa bannað aftöku á einstaklingum með andleg veikindi og greindarvísitölu undir 70, hinsvegar fá sumir sumir einstaklingar ekki greiningu og eru þ.a.l teknir af lífi án þess að nokkur maður viti af ástandi þeirra (Warden og Lennard, 2018).

7.3 Sakleysi og dauðarefsing

Helstu og sterkustu rök þeirra sem eru á móti dauðarefsingum eru þau að saklausir einstaklingar gætu verið teknir af lífi. Stuðningur og viðhorf Bandaríkjamanna til dauðarefsinga breyttist þó eitthvað þegar umræðan um aftökur á saklausum föngum kom upp á yfirborðið. Með tilkomu erfðagreiningar og DNA rannsókna á 9. áratugnum var hægt að sannreyna sakleysi fanga sem höfðu verið dæmdir í lífstíðarfangelsi eða fengið dauðarefsingu. Mikill fjöldi fanga hafði gefið falskar játningar vegna hræðslu, þrýstings, eða hótanna frá lögreglu en frá 1980 til 2012 höfðu DNA próf ógilt um 300 dóma í Bandaríkjunum. Meðalfjöldi ára frá því að einstaklingar fengu dauðarefsinguna þangað til sakleysi þeirra var sannað voru tæplega 10 ár, en fjölmargir höfðu setið inni í allt að 30 ár á dauðadeild. Til eru einnig mörg dæmi um það að einstaklingur sem hefur setið inni í fangelsi á dauðadeild í fjöldamörg ár deyr úr einhverskonar sjúkdómi eða elli, og síðar kemur í ljós að sá einstaklingur hafði verið saklaus allan tímann. Frank Lee Smith hafði verið á dauðdeild í 14 ár þegar hann dó úr krabbameini í klefa sínum í Flórída fylki, stuttu seinna sýndi DNA rannsókn fram á að hann hafði verið saklaus (Gudorf, 2013).

Árið 2003 voru um 73% Bandaríkjamanna sem að töldu að saklausir einstaklingar hefðu verið teknir af lífi síðustu 5 ár í Bandaríkjunum. Önnur könnun 2005, sýndi einnig fram á að stuðningur fólks við dauðarefsinguna hafði lækkað úr 80% í 65% á árunum 1989 til 2005 og var það að hluta til vegna þess að upplýsingaflæði til fólks um aftökur á saklausum einstaklingum hafði orðið meira (Lambert, Camp, Clarke og Jiang, 2011; Warden og Lennard, 2018).

George Junius Stinney Jr., fjórtán ára litlaður drengur hafði verið dæmdur til dauða fyrir morð á tveimur yngri stelpum. Aftaka hans fór fram í rafmagnsstólnum þann 16. júní

1944 og var hann yngsti einstaklingurinn í Bandaríkjunum til þess að vera tekinn af lífi. Málið var tekið aftur upp 2014 og leiddu nýjar rannsóknir í ljós að Stinney var mjög líklega saklaus. Systkini hans sögðu hann hafa verið með þeim þegar morðin áttu sér stað og annað vitni sem fann líkin sagði, að lítið blóð hefði verið í kring sem benti til þess að þær hefðu verið myrtar á öðrum stað og færðar á staðinn sem þær fundust. Stinney var lágvaxinn og smágerður svo talið var að það væru mjög litlar líkur að hann hefði getað loftað og hvað þá fært líkin. Þeir fangar sem voru með Stinney í fangelsi sögðu hann hafa haldið fram sakleysi sínu fram til aftöku, svo það var margt sem benti til þess að fölsk játning hafi átt sér stað (Warden og Lennard, 2018).

Annað dæmi þar sem falskar játningar áttu sér stað gerðist í Chicago. Samkvæmt fjögurra ára rannsókn sem gefin var út 2006, kom í ljós að lögreglustjórinn í Chicago, Jon Burge hefði fengið rúmlega tólf litaða einstaklinga til þess að skrifa undir falskar játningar með allskyns pyntingum í kringum 1980. Ekki var hægt að kæra hann og aðra sem stóðu fyrir þessu með honum vegna svokallaðrar *þriggja ára reglu*, þar sem einungis var hægt að kæra glæpi innan þriggja ára frá því þeir voru framdir (Warden og Lennard, 2018).

DNA rannsóknir hafa sannarlega hjálpað mikið til við að sýna fram á hvaða einstaklingar eru saklausir, en þær ná ekki öllum. Það er því engin leið fyrir okkur að vita nákvæmlega hversu margir saklausir einstaklingar hafa verið teknir af lífi í gegnum tíðina. Eina leiðin til þess að koma í veg fyrir að fleiri saklausir verði teknir af lífi, er að Bandaríkjamenn afnemi dauðarefsinguna fyrir fullt og allt.

8 Umræður

As a society, our decision to heap shame and contempt upon those who struggle and fail in a system designed to keep them locked up and locked out says far more about ourselves than it does about them. (Alexander, 2010, bls. 171).

Eins og komið hefur fram eru mjög skiptar skoðanir fólks varðandi hvort það sé almennt hægt að réttlæta það að taka aðra manneskju af lífi. Margt hefur breyst á síðustu árum og ýmislegt gerst sem á einhvern hátt hefur ýtt undir afnám dauðarefsinga. Bandaríkin hafa afnumið dauðarefsingar fyrir alla glæpi fyrir utan morð og fyrir morð sem eru framin af einstaklingum undir 18. ára. Einnig hafa stjórnvöld bannað aftökur á andlega veikum

og þroskaskertum en eins og fyrr segir hefur því ekki alltaf verið fylgt eftir (Warden og Lennard, 2018).

Ýmis samtök hafa unnið hörðum höndum að því að upplýsa fólk um mannréttindi og stöðu dauðarefsinga í heiminum. *Amnesty International* er hvað þekktast þegar það kemur að því að fjalla um mannréttindabrot og sýnir það svart á hvítu hvar fjölþætt ofbeldi fyrirfinnst í heiminum. Samtökin eru alfarið á móti dauðarefsingum og berjast fyrir því að hún verði afnumin. Á hverju ári er gefin út skýrsla (2017) þar sem farið er yfir stöðu dauðarefsinga hjá öllum þeim þjóðum sem framfylgja henni til þess að sjá hvort eitthvað hafi breyst. Samkvæmt skýrslunni voru 21,919 fangar sem sátu inni á dauðadeild víðsvegar í heiminum undir lok 2017. Kannanir hafa sýnt fram á að stuðningur dauðarefsinga fer dvínandi í heiminum og færist heimurinn því nær afnámi þeirra á hverju ári, þá helst með upplýsingaflæði til fólks um þá galla sem fylgja refsingunum. Maður að nafni Justice Thurgood Marshall hélt því fram að upplýsingaflæði og þekking gæti haft gríðarleg áhrif á viðhorf fólks í Bandaríkjunum til dauðarefsinga. Hann vildi meina að þeir Bandaríkjamenn sem væru á móti dauðarefsingum hefðu almennt meiri þekkingu um þær heldur en þeir Bandaríkjamenn sem að væru með þeim. Marshall sagði að stuðningsmenn dauðarefsinga væru oft ekki meðvitaðir um galla þeirra og ef þeir vissu af þeim þá væri líklegt að viðhorf þeirra myndi breytast (Lambert o.fl., 2011; Newman o.fl., 2010).

Vandinn liggur víða í Bandaríkjunum og til þess að eitthvað breytist fyrir alvöru þarf að taka í sundur refsikerfið, breyta því og hreinsa það af fordómum. Ef hin endalusa hringrás af einstaklingum sem haldið er í ánaud og frá samfélaginu hættir ekki, þá mun ekkert breytast og fjöldi fanga í fangelsum Bandaríkjanna mun haldast eins. Fordómafullt viðhorf í garð þeirra sem taldir eru tilheyra hópi „hinna“ í samfélaginu hefur viðgengist í alltof langan tíma og til þess að það hætti þarf að gera fólki grein fyrir því að þessi hegðun eigi ekki rétt á sér. Fólk getur sagst vera fordómalaust og að allir séu jafnir, en síðar hafa margir þá skoðun að það þurfi að fylgjast með „þessum hópum“ svo þeir brjóti ekki af sér. Þetta viðhorf er oftast undirstaða þess að fólk vilji harðari refsingar líkt og dauðarefsinguna fyrir „þessa hópa“, svo þeir fái ekki vera partur af samfélaginu (Unnever og Cullen, 2010).

9 Lokaorð

Líkt og komið hefur fram eru dauðarefsingar örlítið stærra og flóknara fyrirbæri heldur en við gerum okkur jafnvel grein fyrir. Margt liggur að baki þeirra og þarf að grafa aðeins dýpra í fangelsis- og refsikerfi Bandaríkjanna til þess að finna rót vandans. Tilfinningalegt gildi dauðarefsinga er mikið og erfitt er að setja sig í spor þeirra sem hafa misst einhvern nákominn á sakfelldan hátt. Áður en ég hóf heimildavinnu og skrif á þessari ritgerð hafði ég ekki mikla vitneskju um dauðarefsingar, sögu þeirra og kerfi Bandaríkjanna. Margir eru ekki nægilega upplýstir um stöðu mála í Bandaríkjunum og heiminum öllum hvað varðar dauðarefsingar og vita þ.a.l. ekki hvað liggur þar að baki. Ég tel að fræðsla um dauðarefsingar gæti gert gæfumuninn og gæti hún haft þau áhrif að andstæðingar dauðarefsinga breyti sinni skoðun.

Bandaríkin eru eitt valdamesta ríki í heimi og er áhugavert að hugsa til þess hvort og hversu mikil áhrif afnám dauðarefsinga í öllum fylkjum myndi hafa á aðrar þjóðir. Bandaríkin hafa áður afnumið dauðarefsingar svo ef við erum bjartsýn, þá eru einhverjar líkur á því að það gæti gerst aftur. Þó svo að rannsóknir hafi sýnt fram á að dauðarefsingar hafi engan fælingarmátt, þá gæti verið að þeir sem eru við völd í Bandaríkjunum ákveði að trúa því samt sem áður og að dauðarefsingin sé eina lausnin, líkt og Donald Trump, forseti Bandaríkjanna hefur komið inn á.

Það er með ólíkindum að þessi mikla grimmd sem fyrirfinnst víða í heiminum og í kerfum Bandaríkjanna skuli viðgangast árið 2019. Ég geri mér grein fyrir því að spillingin í kerfum Bandaríkjanna er mun veigameiri en komið hefur hér fram, en til þess að ná utan um alla umræðuna um grimmdina, valdniðsluna, einkavæðingu fangelsa, kapítalisma og aðra hluti þar sem allt er gert til þess að græða, þá þyrfti ég að skrifa aðra ritgerð. Hvar er siðferðið þegar allt er lagt undir til þess að græða sem mest, bæði á umhverfinu og manneskjunni? Hvað gefur stjórnvöldum rétt til þess að hefna morðs með morði? Ofbeldi leysir ekki ofbeldi og það sama gildir um morð. Ríkið á vitaskuld að taka hart á afbrotum, en hver manneskja á rétt til lífs og það er ekki í höndum ríkisins að ákveða hver hefur „meiri rétt“ til lífs og hver ekki. Það er skylda okkar sem manneskjur að vernda aðrar manneskjur. Miðað við þá staðreynd að fjöldi einstaklinga hafi verið teknir af lífi sem síðar reyndust vera saklausir, þá er ótrúlegt að dauðarefsingu skuli enn vera framfylgt í Bandaríkjunum. Mín skoðun er sú, að fyrir afbrotamann er lífstíðarfangelsi mun verri

refsing heldur en dauðarefsing. Dauðarefsing er auðveld undankomuleið í frelsið þar sem afbrotamaður þarf ekki að taka afleiðingum gjörða sinna. Árið er 2019 og það má með sanni segja að dauðarefsingin sé vægast sagt tímaskekkju klúður sem þar að auki mismunar fólki eftir húðlit og stöðu þeirra í samfélaginu. Mín niðurstaða er sú að hún sé ekki á nokkurn hátt réttmæt, sama hversu alvarlegt brotið er og hver á í hlut. Refsingin er einnig óafturkallanleg, gagnslaus og siðlaus og gengur hreinlega gegn þeim gildum sem Bandaríkin segjast standa fyrir.

Nafn höfundar

Heimildaskrá

- Amnesty International. (2018). *Death sentences and executions 2017*. Sótt 20. mars 2019 af <https://www.amnesty.org/en/latest/news/2018/04/death-penalty-sentences-and-executions-2017/>
- Alexander, M. (2010). *The New Jim Crow: Mass incarceration in the age of colorblindness*. New York: The New Press.
- Alper, T. (2014). The United States execution drug shortage: A consequence of our values. *The Brown Journal of World Affairs*, 21(1), 27–39.
- Anckar, C. (2014). Why countries choose the death penalty. *The Brown Journal of World Affairs*, 21(1), 7–25.
- Auerbach, A. H. (2001). The dividing line on capital punishment. *Peace Review*, 13(4), 545–551.
- Baumann, Gerd. (1999). *The multicultural riddle: Rethinking national, ethnic and religion identities*. 29-55. New York: Routledge.
- Boys, S. (2011). The death penalty: An unusual punishment America is inflicting upon itself. *Critical Criminology*, 19(2), 107–118.
- Death penalty Information Center. (2019). *California Governor Announces Moratorium on Executions*. Sótt af <https://deathpenaltyinfo.org/node/7345>.
- Death penalty Information Center. (2019) *Costs of the Death Penalty*. Sótt af <https://deathpenaltyinfo.org/costs-death-penalty>.
- Death penalty Information Center. (2019). *Execution List 2019*. Sótt af <https://deathpenaltyinfo.org/execution-list-2019>.
- Death penalty Information Center. (2019). *State by State Database*. Sótt af https://deathpenaltyinfo.org/state_by_state.

- Death penalty Information Center. (2019). *Texas*. Sótt af <https://deathpenaltyinfo.org/texas-1>.
- Death penalty Information Center. (2019). *Religion and the Death Penalty*. Sótt af <https://deathpenaltyinfo.org/article.php%3Fdid%3D2249#opin>.
- Denver, M., Best, J. og Haas, K. C. (2008). Methods of execution as institutional fads. *Punishment & Society*, 10(3), 227–252.
- Eriksen, T. H. (2010) *Small places, large issues*. London: Pluto Press.
- Feng, J. (2006). Capital punishment, criminals and enemies. *Frontiers of Law in China; Beijing*, 1(2), 210–220.
- Ganguly, A. (2012). Foucault, government and acts of obedience. *Law, culture and the humanities*, 8(3), 448–465.
- Gudorf, C. E. (2013). Christianity and opposition to the death penalty: Late modern shifts. *Dialog*, 52(2), 99–109.
- Heizmann, H. og Olsson, M. R. (2015). Power matters: the importance of Foucault's power/knowledge as a conceptual lens in KM research and practice. *Journal of Knowledge Management; Kempston*, 19(4), 756–769.
- Hill, K. R. (2013). United States and European Union approaches to the death penalty: America should consider a new perspective. *Brazilian Journal of International Law*, 10(2), 155-167.
- Hood, R. (2001). Capital punishment: A global perspective. *Punishment & Society*, 3(3), 331–354.
- Inga Huld Hákonardóttir. (1992). *Fjarri hlýju hjónasængur: Öðruvísi Íslandssaga*. Reykjavík: Mál og menning.

- Iuliano, J. (2015). Why capital punishment is no punishment at all. *American University Law Review; Washington*, 64(6), 1377–1441.
- Jones, E. (2018). Racism, fines and fees and the US carceral state. *Race & Class*, 59(3), 38–50.
- Joronen, M. (2013). Conceptualising new modes of state governmentality: Power, violence and the ontological mono-politics of neoliberalism. *Geopolitics*, 18(2), 356–370.
- Kuper, A. (1973/2004). *Anthropology and anthropologist: The Modern British school*. London: Routledge
- Lambert, E. G., Camp, S. D., Clarke, A. og Jiang, S. (2011). The impact of information on death penalty support, revisited. *Crime & Delinquency*, 57(4), 572–599.
- Newman, G. R. (aðalritstjóri), Nalla, M. K., Stamatel J. P. og Sung, H. (ritstjórar). (2010). *Crime and punishment around the world: Africa and the Middle East (1)*. California: ABC-CLIO.
- Obara, M. (2013). Domestic non-compliance with an EU norm: A case study of the capital punishment system in Japan. *Journal of Contemporary European Research*, 9(1), 24–38.
- Oksala, J. (2011). Violence and neoliberal governmentality. *Constellations: An International Journal of Critical and Democratic Theory*, 18(3), 474-486.
- Paredes, J. A. (1993). Some anthropological observations on capital punishment in the USA. *International Journal of Comparative and Applied Criminal Justice*, 17(2), 219-227.
- Peel, D. (2013). Clutching at life, waiting to die: The experience of Death Row Incarceration. *Western Criminology Review; Pullman*, 14(3), 61–72.

- Rosenbaum, K. B., Darby, W. C. og Weinstock, R. (2015). Ethical responsibilities of physicians: capital punishment in the 21st century. *Psychiatric Annals; Thorofare*, 45(12), 615–621.
- Rúnar S. Reynisson. (2019, janúar). Kona sem drekkt var í Fljótsdal verði náðuð. Ruv.is. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/kona-sem-drekkt-var-i-fljotsdal-verdinadud>
- Sethuraju, R., Sole, J. og Oliver, B. E. (2016). Understanding death penalty support and opposition among criminal justice and law enforcement students. *SAGE Open*, 6(1), 1-15.
- Smeyers, P. og Waghid, Y. (2010). Cosmopolitanism in relation to the self and the other: From Michel Foucault to Stanley Cavell. *Educational Theory*, 60(4), 449–467.
- Smith, D. M. (2001). The death penalty capital of the Western world. *Peace Review*, 13(4), 495–501. *Theory, Culture and Society*
- Turner, B. (2004). Edward W. Said: Overcoming Orientalism. *Theory, Culture and Society*, 21(1), 173-177.
- Whye, T. (2018). *The Death penalty*. Sótt 30. janúar 2019 af <https://scholarblogs.emory.edu/gravematters/2018/03/18/the-death-penalty/>
- Unnever, J. D. og Cullen, F. T. (2010). Racial–ethnic intolerance and support for capital punishment: A cross-national comparison*. *Criminology*, 48(3), 831–864.
- Vick, J. (2016). „Putting cruelty first“: Liberal penal reform and the rise of the carceral state. *Social Justice; San Francisco*, 42(1), 35-52.
- Victoria, J. L. E. (2016). Anthropology of power: Beyond state-centric politics. *Anthropological Theory*, 16(2–3), 249–262.
- Warden, R. og Lennard, D. (2018). *Death in America under color of law: Our long*,

inglorious experience with capital punishment. Illinois: Northwestern Journal of Law and Social Policy.

Whye, T. (2018). *The Death Penalty*. Sótt 30. janúar 2019 af

<https://scholarblogs.emory.edu/gravematters/2018/03/18/the-death-penalty>.

Zhang, Y., Chen, C., Greenberger, E. og Knowles, E. D. (2017). A Cross-cultural Study of punishment beliefs and decisions. *Psychological Reports*, 120(1), 5–24.